

Viðbragðsáætlun Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum gegn einelti

Stefnuyfirlýsing

Stefna skólans er að veita nemendum og starfsmönnum gott starfsumhverfi. Í því felst að einelti verður ekki liðið í skólanum og nær það til nemenda og starfsmanna. Einelti er brot á mannréttindum. Það kemur öllum við og árangur byggist á því að allir taki ábyrgð.

Skilgreining á einelti

Einelti er neikvæð andleg og/eða líkamleg hegðun, sem einn eða fleiri einstaklingar beina gegn ákveðnum einstaklingi. Hegðunin (atferlið) er endurtekin og sá sem verður fyrir eineltinu hefur ekki möguleika á að verja sig (er ekki fær um að verja sig). Tilviljanakennd stríðni, átök og ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Birtingamyndir eineltis

Birtingarmyndir eineltis geta verið margs konar:

- **Andlegt einelti** getur t.d. verið munnlegar/og eða skriflegar niðrandi athugasemdir, hótanir, stríðni og uppnefni. Líkamstjáning eins og augngotur og andlitsgrettur.
- **Félagslegt einelti** getur birst í baktali, rógi, útilokun, hunsun eða höfnun frá félagahópi. Skoðanir ekki virtar, hart tekið á mistökum og blóraböggull fundinn.
- **Rafrænt einelti** kemur t.d. fram í sms, bloggji, fésbók eða msn.
- **Efnislegt einelti** felur í sér skemmdir á eigum
- **Kynferðisleg áreitni** getur verið líkamleg, munnleg eða táknræn athugasemd og/eða spurning um kynferðisleg málefni.

Birtingarmyndir eineltis á meðal nemenda í framhaldsskólum er líkara því sem gerist á vinnustöðum en grunnskólum. Er slíkt einelti aðallega af andlegum og félagslegum toga. Rafrænt einelti er einnig algengt og getur verið mjög dulið. Kynferðisleg áreitni er einnig einelti. Hér er um kynferðislega hegðun að ræða sem er ósanngjörn og /eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður.

Mögulegar afleiðingar eineltis

Sálrænar afleiðingar geta komið fram í

- minnimáttarkennd eða minnkuðu sjálfstrausti
- kvíða eða þunglyndi
- miklum skapsveiflum
- ótta eða örvæntingu
- öryggisleysi
- andúð á skóla eða vinnu
- félagslegri einangrun
- biturð eða hefndarhug
- sjálfsvígshugleiðingum

Líkamlegar afleiðingar geta komið fram í

- þreytutilfinningu eða sljóleika
- svefnleysi eða svefnóróa
- höfuðverk eða vöðvabólgu
- hjartsláttartruflunum, skjálfta eða svima

Hafa ber í huga að þar sem að afleiðingar eineltis geta haft svo víðtæk áhrif á þolanda finnur fjölskylda hans því oft fyrir miklu álagi. Áhrif eineltis geta einnig verið víðtæk þegar það er látið viðgangast í skóla eða á vinnustað því að það getur haft mikil áhrif á líðan nemenda og starfsmanna og mótað þann vinnuanda sem ríkir. Það kemur því öllum við og er á ábyrgð allra þeirra sem verða varir við einelti af einhverju tagi að grípa inn í eða koma ábendingum til réttra aðila svo hægt sé að vinna með málið. **Sá sem leiðir einelti hjá sér er orðin þátttakandi í því.**

Forvarnir

- fræðsla um einelti felld inn í LKN 103
- fræðsla til starfsmanna.
- hvatning til jákvæðra samskipta
- viðbragðsáætlun gegn einelti verði sýnileg á vefsíðu skólans, í námsvísi og ábendingar á göngum

Nánari útfærslur og framkvæmd mun verða í höndum viðbragðsteymis.

Viðbragðsteymi.

Náms- og starfsráðgjafi

Skólahjúkrunarfræðingur/stjórnandi

Fulltrúi kennara

**Viðbragðsáætlun vegna gruns um einelti
Nemendur**

Máli vísað til viðbragðsteymis
Öflun og skráning upplýsinga

Staðfestur grunur um einelti

Samband við aðila málsins, nemendur og /eða forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri
Unnið að lausn samkvæmt verklagi skólans sem byggir á hugmyndafræði Olweusaráætlunarinnar.

Staðfest að ekki sé um einelti að ræða
Gögn geymd þar til nemendur hafa útskrifast

Málið leyst


Samband við aðila, nemendur og/eða forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri
Stuðningur við þolendur og /eða gerendur sé þess þörf

Málið ekki leyst

Áframhaldandi vinna þar til lausn fæst. Samband við aðila, nemendur og /eða forráðamenn.
Stuðningur sé þess þörf

Viðbragðsáætlun vegna gruns um einelti

Starfsmenn



Heimildir

Við gerð þessarar viðbragðsáætlunar var stuðst við eftirfarandi heimildir:

1. Sharp, Sonia, og Smith, Peter, K. (Ritstj.). (2000). Gegn einelti: handbók fyrir skóla. Reykjavík: Æskan.
2. Einelti á vinnustað. Leiðbeiningar fyrir stjórnendur. Fjármálaráðuneytið
3. Heimasíða Flensborgarskólans www.flensborg.is, sótt 10.3. 2009 af <http://www.flensborg.is/Thjonusta/Namsradgjof/Einelti/>
4. Heimasíða Kvennaskólans www.kvenno.is, sótt 10.3. 2009 af <http://www.kvenno.is/pages/30>